

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um stefnur sveitarfélagsins.

„Liggur fyrir áætlun eða mat á því hvenær stefnur bæjarins verða endurskoðaðar?“

Svar: Stefnur Garðabæjar hafa verið unnar á mismunandi tímum og tekið mið af aðstæðum hverju sinni. Umræða hefur átt sér stað um stefnur innan hvers málaflokks í nefndum bæjarins og hefur hún verið af hinu góða.

Garðabær vinnur nú að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem gilda til ársins 2030. Vorið 2020 voru valin 38 undirmarkmið fyrir Garðabæ og markmiðin kynnt fyrir fastanefndum bæjarins. Búið er að rýna útgefnar stefnur Garðabæjar og taka saman hvernig undirmarkmiðin 38 birtast í þeim og hvort einhver af markmiðunum vanti í stefnurnar.

Nýjar og endurskoðaðar stefnur bæjarins munu í framtíðinni taka mið af hugmyndafræði heimsmarkmiðanna og þá sérstaklega þeim 38 undirmarkmiðum sem Garðabær hefur valið. Í vor var ný lýðheilsu- og forvarnastefna samþykkt og nú stendur yfir endurskoðun lýðræðisstefnu og endurskoðun skólafestefnu sem hafa heimsmarkmiðin til hliðsjónar.

Við fjárhagsáætlunargerð í haust verður rýnt enn frekar í hvort tilefni sé til að hefjast handa við endurskoðun eða gerð nýrra stefna með það fyrir augum að skoða hvort hægt sé að sameina stefnur og einfalda og taka mið af heimsmarkmiðunum.

Meðfylgjandi er skjal með lista yfir stefnur bæjarins, heiti þeirra, upphaflegu útgáfuári og hvenær þær voru endurskoðaðar. Þar er farið yfir gildistíma, endurskoðunarákvæði og fleira.